

HEILSUGÆSLAN Á ÓLAFSVÍK

ENDURNÝJUN ÞAKS

SKILABLAÐ

Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir (FSRE)

Útgefið í febrúar 2025

Ljósmyndir: FSRE

Ábyrgðarmaður: Ólafur Danielsson, framkvæmdastjóri framkvæmda

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkbeiðni barst frá Helga Vigni Bragasyni þann 25. maí 2020, fyrir hönd Ríkiseigna, um aðkomu FSRE að útboðsferli fyrir endurnýjun þaks og viðgerðir utanhúss. Verkefnastjóri fyrir hönd FSRE var Gústaf A. Hermannsson og til aðstoðar var Jóhann Gunnar Gunnarsson.

2 VERKLÝSING

Verkið fólst í umsjón með útboði s.s. gerð og birting auglýsinga, svörun fyrirspurna, opnun og yfirferð tilboða og mat á hæfi bjóðenda. Að yfirferð lokinni var gerð tillaga til Ríkiseigna um töku tilboðs. Ríkiseignir sáu um þau gögn sem þurfti til útboðssins, báru ábyrgð á gerð og yfirlestri útboðs og verklýsinga. FSRE var ekki með verkið í rekstri, eingöngu umsjá útboðs.

3 VERKNÚMER

Verkið fékk verknúmerið 633 0199.

4 FRAMVINDA

Útboðið var auglýst í gegnum ferli Ríkiskaupa með útboðsnúmerinu 21211. Opnun útboðs fór fram þann 13. júlí 2020. Eitt tilboð barst. Yfirferð á innsendu tilboði var framkvæmd eftir verkferlum FSRE. Að yfirferð lokinni var gerð tillaga til Ríkiseigna, þann 10. ágúst, um að tilboði bjóðanda, K16 ehf. að upphæð kr. 96.842.600,- yrði tekið. Engar kærur eða

athugasemdir voru gerðar við niðurstöðuna. Samkvæmt verkbeiðninni var þátttöku FSRE þar með lokið í þessu verkefni.

5 KOSTNAÐUR VERKSINS

Vinna FSRE var unnin í tímavinnu og reikningar sendir mánaðarlega til Ríkiseigna. Heildarkostnaður FSRE var kr. 940.850,-

6 NIÐURSTAÐA VERKEFNIS

Niðurstaða verkefnisins var sú að verkkaupi ákvað að taka tilboði bjóðanda.

7 ÁKVÖRÐUN VERKKAUPA

Verkkaupi fór eftir tillögu FSRE og vann verkefnið áfram út frá því.

8 VERKLOK

Verklök, hvað þátttöku FSRE varðar, voru eftir að niðurstaða útboðs var afgreidd og viðeigandi gögn útboðsferlisins afhent verkkaupa.

9 STAÐFESTING SKILABLAÐS

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd FSRE.

Ólafur Daníelsson,
framkvæmdastjóri framkvæmda